

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

*Glaðheimar, deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, afgreiddi bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 10. nóvember 2009 tillögu að deiliskipulagi Glaðheima.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Við samþykkt deiliskipulags Glaðheima fellur úr gildi deiliskipulag fyrir félagssvæði Gusts, sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs þann 2. október 1992 og af skipulagsstjóra ríkisins þann 15. desember 1992.

Afmörkun á deiliskipulagi Fífuhvammslands, vesturhluta, atvinnu- og íbúðarhúsnæði sunnan Fífuhvammsvegar sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs 15. janúar 1994 með síðari breytingum þ.e. lóð áhaldahússins, sem samþykkt var í bæjarstjórn 15. desember 2000 breytist í samræmi við mörk deiliskipulags Glaðheima.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 24. nóvember 2009.*

**Smári Smáráson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. nóvember 2009